

KIRKJUGARÐARÁÐ

92. fundur haldinn 12. desember 2011 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Þorvaldur Karl Helgason biskupsritari sem stýrði fundi, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson, Smári Sigurðsson, Sigurgeir Skúlason starfsmaður Kirkjugarðaráðs og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifaði fundargerð. Ragnhildur Benediktsdóttir var í veikindaleyfi.

1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13:05.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt eftir smálagfæringar.

2. Kirkjugarðasjóður

Þróun reksturs og styrkveitinga árin 2005 – 2010. Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Ráðsmenn voru mjög ánægðir með kynninguna sem þótti fróðleg.

3. Nýtt greiðslukerfi fyrir prestþjónustu við útfarir – akstur o.fl. sem gengur í gildi frá næstu áramótum

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Aðalbreytingin er að landið verður eitt greiðslusvæði og skrá verður útfararskýrslu til að fá greiðslu.

4. Úttekt á kirkjugörðum Lágafellssóknar

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti.

Nú er aðallega grafið í nýja garðinn í Mosfelli sem er framtíðargarður svæðisins.

5. Gamli garðurinn á Hvanneyrarhóli á Siglufirði - kynning

Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti. Hvanneyrarhóll á Siglufirði er gamall sögustaður sem áhugi er að vekja athygli á og kynna. Guðmundur Rafn var í sambandi við Þór Hjaltalín minjavörð svæðisins vegna verkefnisins. Guðný Zoëga hjá Byggðasafni Skagfirðinga rannsakaði svæðið. Hannað var minnismerki um kirkjuna sem var afhjúpað 14. október. Frekari framkvæmdir standa til, m.a. að afmörkun kirkjugarðsins verði sýnd með hleðslum.

6. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur yrði 6. febrúar og er það úthlutunarfundur.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:00.

Þorvaldur Karl Helgason,
f.h. formanns

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari